

**Fundargerð ársfundar**

2. október 2009

**Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum**

0710323SA IH/mkh

Málalykill: 030

Árið 2009, föstudaginn 2. október kl. 13:45 var aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum haldinn á Hilton Nordica hóteli í Reykjavík.

Fundinn sátu Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ; Björgvin Valdimarsson, Fjarðabyggð; Sveinn Þórðarson, Mýrdalshreppi; Elías Jónatansson og Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað; Sigríður Finsen, Grundarfjarðarbæ; Hjalti Þór Vignisson, Sveitarfélaginu Hornafirði; Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd; Úlfar B. Thoroddsen, Vesturbyggð; Ómar Már Jónsson, Súðavíkurhreppi; Tryggvi Harðarson, Þingeyjarsveit; Jens P. Jónsson, Húnavatnshreppi. Auk þeirra sátu fundinn Helga Barðadóttir, iðnaðarráðuneytinu; Benedikt Guðmundsson, Orkustofnun Akureyri; Sigurður Ingi Friðleifsson, Orkusetri; og Ingibjörg Hinriksdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga; sem ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

### **1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara**

Kristinn Jónasson, formaður samtakanna, setti fundinn og lagði til að hann stýrði sjálfur fundi og Ingibjörg Hinriksdóttir ritaði fundargerð. Var það samþykkt.

### **2. Kosning kjörnefndar**

Kristinn gerði tillögu að Magnúsi B. Jónssyni sem formanni kjörnefndar. Var það samþykkt.

### **3. Skýrsla stjórnar**

Kristinn flutti því næst skýrslu stjórnar. Greindi m.a. frá því að Birgir L. Blöndal, sem verið hefur starfsmaður samtakanna hefur látið af störfum og við hans hlutverki tók Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins. Einnig sagði hann frá samskiptum sínum við iðnaðarráðherra og greindi frá fundi sem hann og Magnús Karel átti með honum sl. sumar. Er það mat Kristins að starf samtakanna verði að vera markvissari en hefur verið síðustu tvö ár, skiptir þar ekki síst máli sá mikli munur sem er á verði til húshitunar á þeim svæðum sem aðild eiga að samtökunum og þeirra sem búa við hitaveitu. Fundurinn í dag þarf að taka afstöðu til þess hvernig starfsemi samtakanna verði í framtíðinni og hvernig hagsmunagæslu þeirra verði háttáð.

#### **4. Ársreikningar og fjárhagsáætlun**

Ársreikningar 2007 og 2008. Kristinn gerði grein fyrir ársreikningunum og voru þeir samþykktir.

Kristinn gerði tillögu að fjárhagsáætlun, sem felst árgjaldi áranna 2009 og 2010, 10.000 krónur og var það samþykkt samhljóða.

#### **5. Stefna stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga á köldum svæðum**

Helga Barðadóttir, fulltrúi iðnaðarráðherra, fjallaði um stefnu stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga á köldum svæðum. Í máli Helgu kom fram að umsjón með niðurgreiðslum var færð til Orkustofnunar á vorþingi 2009. Það breytir þó ekki því að ráðherra staðfestir áætlanir ársins og eftirlitsskylda er hjá ráðuneytinu. Hins vegar er framkvæmd laganna kæránleg til ráðuneytisins. Í nýjum lögum er gert ráð fyrir að Orkustofnun geri sérstakan samning við húseigendur um orkusparnað þar sem gerð er áætlun um orkusparnað og er þetta að hluta til sambærilegt við stofnstyrki til hitaveitna.

#### **6. Þróun raforkuverðs og orkuverðs til húshitunar eftir mismunandi orkugjöfum**

Benedikt Guðmundsson, starfsmaður Orkustofnunar á Akureyri, sagði frá þróun raforkuverðs og orkuverð til húshitunar eftir mismunandi orkugjöfum.

#### **7. Möguleikar á styrkjum til að lækka notkun á rafmagni til húshitunar, hvað er Orkusetur að gera þessa dagana?**

Sigurður Ingi Friðleifsson, starfsmaður Orkuseturs á Akureyri, kynnti möguleika á styrkjum til að lækka notkun á rafmagni til húshitunar og greindi frá því hvað Orkusetur er að gera. Sagði Sigurður m.a. frá því að Orkusetur leggur mikla vinnu í innleiðingu varmadæla, m.a. með tilraunaverkefnum víða um land. Varmadælur skilar frá sér varmaorku til upphitunar en þarf til þess raforku til að knýja dælukerfið, en sú raforka er þó mun minni en þyrfti við hefðbundna rafhitun. Fyrstu vísbendingar benda til að slíkar dælur virki vel á Íslandi.

#### **8. Umræður**

Nokkrar umræður spunnust út frá erindum Helgu, Benedikts og Sigurðar. Mesta athygli vakti þó varmadælu kynning Sigurðar og svaraði hann spurningum þar um.

Ómar Már Jónsson, Súðavíkurreppi, tók undir með Kristni um að virkni SSKS mætti vera meiri, sérstaklega þar sem kostnaður við húshitun er að verða meiri og meiri. Spurði hann Sigurð hvort Orkusetur hafi skoðað fjárhagslegan

ávinning þjóðarbúsins við það að hvetja sveitarfélögin til þess að taka upp varmadætur.

Magnús B. Jónsson, telur að reikningar sem koma frá orkusölum séu ekki sparnaðarhvetjandi, þar sem enginn skilur þá, margir eru í greiðsluþjónustu og sjá hreinlega ekki reikninginn og flestir bölvu upphátt og í hljóði vegna hans. Sigurður kom með nokkrar góðar ábendingar um orkusparnað. SSKS getur beitt meiri áróðri og hvatt enn frekar til orkusparnaðar.

Magnús mælti jafnframt með varmadæluhugmyndum Sigurðar og vildi fá frekari áróður fyrir þeim frá hlutlausum aðila eins og Orkusetri.

## 9. Afgreiðsla ályktana

Kristinn lagði fram tillögur að þremur ályktunum til iðnaðarráðherra. Voru ályktanirnar ræddar og samþykktar með örlitlum. Ályktanirnar voru:

a. Um styrki til orkusparandi aðgerða:

*Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að nægjanlegt fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til orkusparandi aðgerða.*

b. Um jarðhitaleit:

*Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til jarðhitaleitarátaks. Jafnframt er því beint til ráðherra að stuðningur við jarðhitaleit verði sérstakur fjárlagaliður eins og er í fjárlögum 2009 (11-399, 50,8 m.kr.).*

c. Um niðurgreiðslur á raforku til húshitunar:

*Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna.*

## 10. Kosningar

Kjörnefnd lagði til að næsta stjórn yrði skipuð eftirtöldum og var það samþykkt:

Kristni Jónassyni, bæjarstjóra í Snæfellsbæ, formaður,  
Ómari Má Jónssyni, sveitarstjóra Súðavíkurbrepps, og  
Hjalta Þór Vignissyni, bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Varamenn:

Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ,  
Guðný Sigurðardóttir, Vesturbyggð, og  
Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfirði.

#### **11. Önnur mál**

Kristinn las upp bréf sem hafði borist frá Grýtubakkahreppi. Þar segir hreppurinn sig úr Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum. Kristinn fagnaði bréfinu og lagði til að starfsmanni samtakanna yrði falið að senda Grýtubakkahreppi bréf þar sem kæmi fram að erindi þeirra hafi verið fagnað á fundinum og jafnframt að væri þeim þakkað samstarfið í samtökunum.

Fundi var slitið kl. 16:15.

*Ingibjörg Hinriksdóttir*